

Norðurlandi vestra, 4. febrúar 2021

Umhverfis og auðlindaráðuneytið

Efni: Umsögn stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) um drög að breytingu á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfisins, mál nr. 11/2021 og drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs, mál nr. 6/2021.

Í samráðsgátt stjórnvalda eru til umsagnar tvö mál er varða úrgangsmál. Hér er skilað sameiginlegri umsögn um bæði málin.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) fagnar umræðu og stefnumótun í úrgangsmálum. Hins vegar vill hún vekja athygli á að í báðum þeim málum sem hér eru til umsagnar er um að ræða víðtækar breytingar sem innleiða skal á stuttum tíma. Vissulega er viðfangsefnið brýnt en raunsæi verður að gæta við innleiðinguna. Auk þess vill stjórn SSNV benda á að þær breytingar á meðhöndlun úrgangs sem málin ná yfir munu fela í sér umtalsverðan kostnaðarauka, bæði vegna uppbyggingar innviða og reksturs kerfanna að innleiðingu lokinni. Mikilvægt er því að breytingar þær sem í málunum felast verði kostnaðarmetnar með ítarlegum hætti með tilliti til aukinna útgjalda sveitarfélaganna vegna málaflokksins. Þau auknu útgjöld munu að líkum leiða til umtalsverðs kostnaðarauka fyrir íbúa sem ekki er hægt að una við. Nauðsynlegt er því að ríkið mæti þeim kostnaðarauka sem af málunum mun verða.

Varðandi einstaka liði frumvarpsins og stefnunnar er vísað til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Stjórn SSNV áskilur sér rétt til að gera umsagnir um málið á seinni stigum.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri.